



Viðmið fyrir vellíðan með hornsteinum heilsu

Stuðlað er að sjálfbæru samfélagi, heilsu og vellíðan allra með því að styrkja hornsteina heilsu.

Vellíðan með hornsteinum heilsu	Núverandi staða				
	1	2	3	4	5
Viðmið - Stuðlað er að sjálfbæru samfélagi, heilsu og vellíðan allra með því að styrkja hornsteina heilsu					
<p>1.1. Til staðar er áætlun í húsnæðismálum sem miðar að því að allir íbúar eigi kost á öruggri búsetu í fullnægjandi húsnæði. Ítartexti: Með öruggri búsetu er m.a. átt við möguleika fólks til að búa til lengri tíma á sama stað ef það kýs svo. Sjá m.a. Húsnæðis og mannvirkjamál á vef stjórnarráðsins, Lög um húsnæðismál nr. 44/1998 og byggingarreglugerð Einnig m.a. öryggi nánasta umhverfis m.t.t. ofbeldis og slysa. Með fullnægjandi húsnæði er átt við að húsnæðið sé ekki heilsuspillandi og uppfylli m.a. reglugerð um hollustuhætti. Bæklingur Umhverfisstofnunar, Innloft, raki og mygla í híbýlum.</p>					
<p>1.2. Sveitarfélagið tryggir einstaklingum sem á þurfa að halda örugga búsetu í fullnægjandi húsnæði sbr. ákvæði laga þar um. Ítartexti: Hér er t.d. átt við fólk sem býr við erfiðar efnahagslegar aðstæður, fólk með fötlun, geðraskanir, fíknivanda eða annan félagslegan vanda. Sjá m.a. Lög um húsnæðismál nr. 44/1998 og um félagslegt húsnæði á Island.is og Byggingarreglugerð.</p>					
<p>1.3. Sveitarfélagið leggur áherslu á notkun umhverfisvænni byggingarefna og byggingartækni við nýbyggingar og endurbætur bygginga á sínum vegum. Ítartexti: Sjá m.a. Byggingarreglugerð. Hér gagnast m.a. vottunarkerfin BREEAM og Svanurinn.</p>					
<p>1.4. Allir íbúar sem þess þurfa fá aðstoð við athafnir daglegs lífs og annað sem þarf til að viðhalda sjálfstæðri búsetu í samræmi við eigin vilja. Ítartexti: T.d. eldri borgarar, fólk með fötlun og langveikir. Sjá m.a. Lög um málefni aldraðra (nr. 125/1999) og Lög um málefni fatlaðs fólks (nr. 59/1992). Einnig m.a. Byggingarreglugerð.</p>					
<p>1.5. Sveitarfélagið gerir það sem í sínu valdi stendur til að allir íbúar eigi kost á menntun við hæfi, alla ævi. Ítartexti: Sjá m.a. fjórða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, Menntun fyrir alla. Öðlast má almenna menntun víðar en í skólakerfinu. Hér ætti því ekki aðeins að horfa til þess kerfis heldur einnig hvaða aðra valkosti íbúar hafa til auka hæfni sína m.t.t. sinna þarfa og þarfa samfélagsins. Sjá m.a. Menntun fyrir alla á vef stjórnarráðsins.</p>					
<p>1.6. Unnið er eftir markvissri áætlun, þvert á stofnanir, til að vinna bug á fátækt og auðvelda viðkvæmum hópum að ná endum saman.</p>					

<p>Ítartexti: Með því t.d. að forgangsraða fjármunum til þeirra sem þurfa mesta aðstoð.</p>					
<p>1.7. Sveitarfélagið gerir það sem í sínu valdi stendur til að tryggja aðgengi allra að nægum, næringarríkum mat við hæfi allt árið um kring, ekki síst fátækra og annarra viðkvæmra hópa. Ítartexti: T.d. barna, eldri borgara og öryrkja. Samanber HSAM gátlistann Velliðan með hollu mataræði, má tryggja aðgengi og gæði hvað þetta varðar m.a. í gegnum mótuneyti skóla, þjónustu öldrunarheimila og önnur úrræði. Til staðar sé innkaupastefna þar sem m.a. er hugað að umhverfisáhrifum við matarinnkaup. Sjá m.a. Matvælastefna fyrir Íslandi til ársins 2030.</p>					
<p>1.8. Sveitarfélagið vinnur markvisst að því að allir íbúar geti verið virkir þátttakendur og upplifi að þeir tilheyri samfélaginu. Ítartexti: T.d. með vinnu gegn hvers konar fordómum, með valdeflingu, blöndun byggðar og greiðu aðgengi að þjónustu, aðstöðu og viðburðum. Greiða má aðgengi m.a. með því að veita upplýsingar á viðeigandi tungumálum og hafa þær auðlesnar fyrir t.d. fólk með þroskahömlun, blinda og sjónskerta. Hafa má frumkvæði að því að veita upplýsingar, lágmarka kostnað, auðvelda samgöngur og að byggingar uppfylli kröfur um algilda hönnun.</p>					
<p>1.9. Öryggi allra íbúa er í fyrirrúmi m.t.t. slysa og áreitni og ofbeldis og viðeigandi verkferlar og úrræði eru til staðar til að fyrirbyggja og bregðast við. Ítartexti: Áður en afstaða er tekin til þessa viðmiðs ætti m.a. fylla inn HSAM gátlistana, Öryggi án ofbeldis og slysa og Hreyfing og útivera, og einnig horfa til stöðu tengdra viðmiða í öðrum gátlistum HSAM.</p>					
<p>1.10. Sveitarfélagið gerir það sem í sínu valdi stendur til að í boði sé fjölbreytt atvinna fyrir alla m.a. með áherslu á mannréttindi, sjálfbæra uppbyggingu og nýsköpun. Ítartexti: Hér er m.a. átt við að atvinna á svæðinu sé nægileg, sjálfbær, kalli á ólíka og fjölbreytta hæfni, sé félagslega réttlát og almennt mannsæmandi. Til að koma til móts við t.d. fólk með skerta starfsgetu getur sveitarfélagið sjálft lagt áherslu á að fjölga hlutastörfum og auka sveigjanleika starfa og hvatt aðra vinnustaði í sveitarfélaginu til að gera slíkt hið sama.</p>					
<p>1.11. Sveitarfélagið hefur sett fram og innleitt jafnréttisstefnu á sínum vinnustöðum. Ítartexti: Með því t.d. að auglýsa laus störf innan sveitarfélagsins þannig að stuðlað sé að jafnari kynjaskiptingu, í samræmi við ákvæði jafnréttislaga, og að gripið sé til ráðstafana til að tryggja nauðsynlega fjölbreytni og jafna möguleika einstaklinga með t.d. fötlun eða af öðrum uppruna.</p>					
<p>1.12. Skipulagsáætlanir eru nýttar til að móta byggð og umhverfi sem styður við lýðheilsu. Ítartexti: Sjá m.a. Landsskipulagsstefnu, www.landsskipulag.is</p>					

<p>1.13. Sveitarfélagið gerir það sem í sínu valdi stendur til að varðveita og bæta hreinleika vatns, jarðvegs og lofts í öllu sínu starfi og beitir sér þar með talið fyrir minni losun gróðurhúsalofttegunda og aðgengi allra að sjálfbærri orku. Ítartexti: Hér er m.a. átt við starfsemi sveitarfélagsins, heimili, fyrirtæki og aðra hvað varðar t.d. innkaup, úrgangsmál, fráveitumál, losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda og aðgengi að og notkun sjálfbærrar orku.</p>					
<p>1.14. Sveitarfélagið fylgist með stöðu loftgæða og upplýsir íbúa ef styrkur svifryks fer yfir heilsuverndarmörk. Ítartexti: Sjá nánar m.a. á loftgaedi.is.</p>					
<p>1.15. Sveitarfélagið gerir það sem í sínu valdi stendur til að auðvelda íbúum að vera ábyrgir neytendur þar með talið að minnka neyslu sína, velja umhverfisvænni valkosti, og að flokka og losa sig við úrgang með umhverfisvænni hætti. Ítartexti: Þetta má gera t.d. með upplýsingagjöf um umhverfismerki og græna neyslu, sporna gegn notkun plasts, auðvelda flokkun og endurvinnslu þ.m.t. lífræns úrgangs og að auðvelda notkun vistvænna ferðamáta og sjálfbærrar orku almennt.</p>					
<p>1.16. Markvisst er unnið að greiðu aðgengi allra íbúa að heilbrigðisþjónustu við hæfi þar með talið geðheilbrigðisþjónustu. Ítartexti: T.d. með markvissu samstarfi á milli sveitarfélags og heilsugæslu á svæðinu.</p>					
<p>1.17. Sveitarfélagið vinnur að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í öllu sínu star . Ítartexti: Sveitarfélagið gerir það m.a. með virkri þátttöku í Heilsuefandi samfélagi. Sjá www.heimsmarkmidin.is</p>					
<p>1.18. Sveitarfélagið hefur sett sér loftslagsstefnu. Ítartexti: Samanber Lög um loftslagsmál, 5. gr. c. Lo slagsstefna ríkis og sveitarfélaga, sjá https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012070.html</p>					
<p>1.19. Í sveitarfélaginu er til staðar stefna og aðgerðaáætlun í mannréttindamálum. Ítartexti: Sjá nánar t.d. á vef Mannréttindaskrifstofu Íslands, www.humanrights.is/is/spurningar-og-svor/hvad-eru-mannrettindi</p>					
<p>1.20. Sveitarfélagið hefur innleitt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu sínu star og skipulagi. Ítartexti: Nánar um sáttmálann m.a. á Barnvæn sveitarfélög, www.barnvaensveitarfelog.is</p>					
<p>1.21. Sveitarfélagið hefur innleitt Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í öllu sínu star og skipulagi. Ítartexti: Nánar um samninginn m.a. á vef Öryrkjabandalags Íslands, www.obi.is/is/samningur-sameinudu-thjodanna-um-rettindi-fatladsfolks</p>					